



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um gagnbraut við Freyjubrunn/Lofnarbrunn (US210088).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 7. apríl sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að við Freyjubrunn/Lofnarbrunn verði komið upp gangbraut en þar er engin göngutenging til staðar við biðstöð Strætó. Mikilvægt er að tryggja umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og því brýnt að úr þessu verði bætt sem fyrst.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 14. apríl sl.

Umsögn:

Að mati skrifstofunnar kemur vel til greina að merkja gangbraut nærri biðstöð Strætó yfir Mímisbrunn til móts við Freyjubrunn. Samkvæmt talningu frá 2017 fóru um 4 þúsund ökutæki á sólarhring yfir þverunina og um 20 gangandi eða hjólandi vegfarendur á hámarksklukkustund.

Í samræmi við forgangsöröðun umferðaröryggisaðgerða var ekki lagt til að ráðist yrði í gerð gangbrautar á þessum stað í ár. Að mati skrifstofunnar er ekki ástæða til að forgangsraða aðgerðum í götunni fram yfir aðrar framkvæmdir sem nú eru fyrirhugaðar.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri